



Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður
Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri
Íslandsbanki hf.
Hagasmára 3
201 Kópavogur

Reykjavík, 14. febrúar 2025

Arion banki hf. lýsir yfir áhuga á samrunaviðræðum við Íslandsbanka hf.

- Sameinaður banki gæti veitt enn betri þjónustu með lægri tilkostnaði, fjárfest markvissar í þróun og nýsköpun, stuðlað að sterkara fjármálakerfi og stutt með öflugri hætti við íslenskt efnahagslíf.
- Beinn sparnaður íslenskra neytenda er áætlaður að lágmarki 50 milljarðar króna á næstu 10 árum, sem er mikilvægt innlegg í sparnaðaráttak nýrrar ríkisstjórnar. Einnig gæti komið til verulegur óbeinn sparnaður neytendum til hagsbóta.
- Hluthafar Íslandsbanka, þar á meðal íslenska ríkið, fá 5% yfirverð á hlutabréf sín þegar kemur að útreikningi á skiptihlutföllum, og verðmætari hlutabréf í stærra félagi.
- Við teljum að það hagræði sem felst í samrunanum uppfylli þau þrjú skilyrði sem koma fram í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um lárétta samruna, þ.e. að samruninn feli í sér ávinning fyrir neytendur, að ávinningurinn tengist samrunanum með beinum hætti og sé sannanlegur.

Kæru Linda og Jón

Eins og ykkur er vel kunnugt heyrir íslenska fjármálakerfið undir umfangsmikið regluverk Evrópu auk sérislenskra ákvæða. Regluverkið þykir íþyngjandi fyrir stóra alþjóðlega banka og er því afar þungt í vöfum fyrir íslenska banka sem eru litlir í alþjóðlegum samanburði. Það má því vera ljóst að borð saman við önnur lönd bera viðskiptavinir okkar og í raun samfélagið allt hlutfallslega þyngri byrði en nágrannabjórðir okkar þegar kemur að kostnaði vegna fjármálaþjónustu.

Við teljum að mikil tækifæri séu fyrir hendi til hagræðingar í íslensku bankakerfi og að það geti þjónað viðskiptavinum sínum með skilvirkari hætti, bæði hvað varðar tíma og kostnað. Við þökkjum engin dæmi þess að smábjórðir eins og Ísland starfræki þrjá kerfislega mikilvæga banka sem nær eingöngu starfa á innanlandsmarkaði. Eins og ykkur er kunnugt fylgja því talsverðar rekstrarlegar áskoranir að reka kerfislega mikilvæga banka í litlu hagkerfi. Það felur í sér óhagræði sem hefur hamlandi áhrif á vöxt, nýsköpun og samkeppnishæfni fjármálakerfisins í heild.

Við lýsum því yfir áhuga á að sameina Arion banka hf. („Arion“) og Íslandsbanka hf. („Íslandsbanka“) þannig að til verði sameinaður banki sem er sterkari og skilvirkari. Kostir mögulegs samruna eru verulegir og felast ekki síst í samlegðaráhrifum sem myndu leiða til beins ávinnings fyrir viðskiptavinum okkar. Arion er tilbúinn að vinna náið með Samkeppniseftirlitinu til að tryggja að 5 milljarðar króna að lágmarki af árlegum sparnaði vegna samrunans skili sér til neytenda í formi lægri kostnaðar. Þá er ótalin sparnaður og aukin skilvirkni sem samruninn myndi hafa í för með sér annars staðar í fjármálakerfinu.

Samruni Arion banka og Íslandsbanka væri einstakt tækifæri til að endurskipuleggja íslenskt fjármálakerfi, auka skilvirkni þess með því að dreifa þunga regluverksins á stærra eignagrunn og ná fram samlegðaráhrifum í nýsköpun og þróun þannig að sameinaður banki væri betur í stakk búinn að mæta þörfum viðskiptavina og íslensks efnahagslífs. Samruni bankanna myndi þannig styrkja stoðir tveggja kerfislega mikilvægra banka sem gætu veitt betri þjónustu með lægri tilkostnaði, stutt efnahagslegan vöxt, minnkað kerfisáhættu og gert íslenskt fjármálakerfi samkeppnishæfara á alþjóðlegum vettvangi. Enn fremur gæti einfaldara fjármálakerfi, með aðeins tveimur kerfislega mikilvægum bönkum, leitt til sparnaðar hjá eftirlitsaðilum, íslensku þjóðinni til hagsbóta.

Arion er reiðubúinn að bjóða hluthöfum Íslandsbanka 5% yfirverð á markaðsvirði Íslandsbanka þegar skiptihlutföll bankanna væru ákvörðuð. Íslenska ríkið, ásamt öðrum hluthöfum Íslandsbanka, myndi



Þannig fá hærra verð fyrir hlut sinn í Íslandsbanka og eignast hlut í sameinuðum banka sem væri stærrí og skilvirkari. Stærrí banki er einnig líklegri til að auka áhuga erlendra fjárfesta.

Þar að auki myndi almenningur á Íslandi, m.a. í gegnum lífeyrissjóði, eiga verulegan hlut í sameinuðum banka og með því einnig njóta ábata af samrunanum.

Með samruna er gert ráð fyrir að endurgjald verði í formi hlutabréfa. Við mat á skiptihlutföllum bankanna gerum við ráð fyrir að lítið yrði til meðalverðs síðustu 30 daga og að tekið yrði tillit til breytinga á hlutafé bankanna, þ.m.t. arðgreiðslna og endurkaupa. Þar að auki yrði lítið til stórvægilegra breytinga á fjárhag bankanna ef einhverjar slíkar breytingar ættu sér stað.

Við berum mikla virðingu fyrir Íslandsbanka, sögu hans og árangri. Við teljum að markmið og stefnur Arion banka og Íslandsbanka séu um margt samrýmanleg og að hið sama eigi við um menningu þeirra og rekstrarlegar áherslur. Við höfum trú á því að samruni bankanna myndi leiða af sér mikinn ábata fyrir viðskiptavinum, starfsfólki, hluthafa og íslensku þjóðina.

Með vísan til framangreinds er það okkur ánægjuefni að tilkynna formlega um áhuga okkar á að efna til viðræðna um samruna bankanna og hefja sameiginlega vinnu við að meta þau tækifæri til verðmætasköpunar sem í samrunanum felast. Markmið okkar er aukin skilvirkni sem mun skila sér í beinum ávinningi fyrir hluthafa og viðskiptavinum, meðal annars með lægra verði og betri þjónustu.

1. ÁBATI OG RÖKSEMDARFÆRSLA

Arion hefur undanfarið stuðlað að umræðu um kostnað í íslensku fjármálakerfi, þ.m.t. um hið svokallaða „Íslandsálag“. Við höfum kynnt tillögur sem ný ríkisstjórn gæti byggt á til að skapa langtíma sparnað fyrir íslenska neytendur.

Hluti af Íslandsálaginu, sem sjónum var ekki sérstaklega beint að í þeim tillögum, tengist þeim mikla fasta kostnaði sem fólgin er í bankakerfinu og skorti á stærðarhagkvæmni þar sem þrír kerfislega mikilvægir bankar starfa í hagkerfi sem telur aðeins um 400 þúsund íbúa.

Núverandi skipan fjármálakerfisins má að hluta til rekja til stöðu þess fyrir fjármálahrunið 2008 þegar bankarnir þrír höfðu byggt upp umtalsverða starfsemi erlendis, en sú staða er ekki uppi í dag.

Bankarnir þrír eru á meðal minnstu kerfislega mikilvægu banka heims sem felur í sér mikinn kostnað fyrir Ísland, bæði vegna hærri rekstrarkostnaðar bankanna og kostnaðar vegna eftirlits með þeim.

Rekstrarkostnaður bankanna þriggja er hár í hlutfalli við stærð íslenska hagkerfisins. Heildar rekstrarkostnaður þeirra er yfir 90 milljarðar króna á ári, sem nemur um 2,1% af landsframleiðslu og yfir 400.000 krónum árlega á hvern starfandi einstakling hér á landi.

Fyrirsjáanlegar innleiðingar laga og reglugerða sem tengjast t.d. vörnum gegn peningabætti, sjálfbærni og flokkunarreglugerð, fjárfestavernd, svikavernd, gagnavernd, netöryggi, gervigreind og margvíslegri upplýsingagjöf munu auka rekstrarkostnað bankanna enn frekar.

Einnig má nefna óbeinan kostnað sem kemur til vegna þeirrar fjármögnunar sem bankarnir sækja sér erlendis og greiða álag fyrir sem að hluta til er tilkomið vegna þess hve smáir þeir eru. Kostnaður bankanna þriggja vegna erlendra fjármögnunar er almennt hærri en erlendra banka með sambærilegt lánsþæfismat. Þetta er hluti af Íslandsálaginu.

Þar að auki hefur almennt verið lítil áhugi á hlutabréfum íslenskra banka hjá erlendum fjárfestum, m.a. vegna smæðar þeirra. Með því dregur úr þekkingu erlendra aðila á íslensku fjármálakerfinu sem hefur neikvæð áhrif á fjölbreytni þeirra fjármögnunarkosta sem bönkunum standa til boða og á fjármögnunarkostnað þeirra.

Þetta hefur enn fremur haft þau áhrif að fáir erlendir aðilar hafa sýnt því áhuga þegar íslenska ríkið hefur boðið hluti í Íslandsbanka til sölu í útboðum í gegnum tíðina.

Það felst einnig kerfislæg áhætta í því að þrír bankar, sem teljast smáir í alþjóðlegum samanburði, þurfi að byggja upp viðamikla innviði með lítilli stærðarhagkvæmni og takmarkaðri fjárfestingagetu.

Það er einfaldlega mikil áskorun að innleiða þungt regluverk og sinna innra eftirliti því tengdu. Þrátt fyrir að íslenskum bönkum hafi um margt tekist ágætlega til fram til þessa mun þetta áfram vera áskorun sem felur í sér mikinn kostnað vegna skorts á stærðarhagkvæmni.

Mikilvægt er að styrkja stóðir kerfislega mikilvægra banka á Íslandi með sterkari einingum og styðja þannig við hagvöxt og minnka kerfisáhættu.

Við sjáum víða erlendis, þar með talið í nágrannalöndum okkar, að aukin umræða hefur skapast um að æskilegt sé að bankar sameinist. Oftar en ekki byggir sú umræða á sömu rökum; bankar þurfi að vera



betur í stakk búinir til að bregðast við stærra og flóknara regluverki og þar skipti stærðarhagkvæmni miklu þannig að þeim sé unnt að styðja við hagvöxt og bjóða viðskiptavinum góð kjör.

Þessi sjónarmið eru studd rannsóknnum, t.d. skýrslu Mario Draghi um framtíð evrópskrar samkeppnishæfni sem bendir sérstaklega á mikilvægi stærðarhagkvæmni þegar kemur að því að styrkja samkeppnishæfni, framþróun og háværkun verðmætasköpunar.

Þá er vert að hafa í huga að margir bankanna sem tala fyrir aukinni stærðarhagkvæmni eru margfalt stærri en íslensku bankarnir. Þrátt fyrir að vera mun minni bankar lúta íslensku bankarnir sama regluverki – og jafnvel enn flóknara regluverki þar sem þeir falla einnig undir sértækar íslenskar reglur.

Kæmi til þess að erlendir bankar, sem búa yfir meiri skilvirkni en innlendir í krafti stærðar sinnar, ákvæðu að auka umsvif sín hér á landi má ljóst vera að stærri og öflugri íslenskir bankar væru betur í stakk búinir til að keppa við þá og þar með vernda stöðugleika íslenska kerfisins.

Samruni Arion og Íslandsbanka myndi jafnframt styrkja stöðu íslenskra banka – og þar með íslenska hagkerfisins – þegar kemur að þátttöku í þeirri uppbyggingu sem fram undan er á Norðurlóðum, t.d. á Grænlandi, nokkuð sem gæti reynst erfiðara fyrir minni banka.

Núna er rétti tíminn. Uppbygging íslenska fjármálakerfisins eftir fjármálahrunið 2008 hefur tekist vel og íslensku bankarnir standa á sterkum grunni. Eins og komið hefur fram er því kjörið tækifæri til að horfa til aukinnar skilvirkni og verðmætasköpunar til að styðja við áframhaldandi hagvöxt og samkeppnishæfni Íslands til framtíðar.

Samkeppni á helstu sviðum fjármálaþjónustu er mikil hér á landi og fer vaxandi eftir því sem nýir aðilar eflast. Arion ásamt Copenhagen Economics, sem er alþjóðlegur leiðandi hagfræðiráðgjafi, hafa framkvæmt ítarlega greiningu á samkeppni á helstu sviðum fjármálaþjónustu hér á landi. Niðurstaða þeirrar greiningar gefur til kynna að hér sé heilbrigð samkeppni í alþjóðlegum samanburði. Fyrir því eru meðal annars eftirfarandi rök:

- a) Hreyfanleiki viðskiptavina er með því mesta sem gerist í Evrópu og aðgangshindranir eru litlar á flestum sviðum fjármálaþjónustu. Þar að auki hefur samkeppnisumhverfið batnað til muna undanfarinn áratug með stafvæðingu þjónustunnar og regluverki sem auðveldar hreyfanleika milli keppinauta. Niðurstöður okkar rannsókna sýna að undanfarin ár hafi samkeppni aukist með tilkomu bæði innlendra og erlendra aðila. Þetta hefur sérstaklega sýnt sig á einstaklingsmarkaði þar sem nýir aðilar hafa náð markaðshlutdeild á stuttum tíma.
- b) Nýir aðilar á fjármálamarkaði eru fjölmargir og hafa þeir náð eftirtektarverðum vexti á tiltölulega skömmum tíma í krafti lágs kostnaðar og vaxtaráform þeirra eru metnaðarfull. Umræddir aðilar starfa flestir innan tiltekinna undirmarkaða og þurfa ekki að fylgja sama stranga regluverkinu og stærri bankarnir. Að auki má nefna stærri þátttakendur á markaði, eins og lífeyrissjóði sem keppa um húsnæðislán, erlenda banka sem keppa um fyrirtækjaviðskipti og alþjóðleg eignastýringarfyrirtæki sem keppa um lífeyrissparnað og á sviði almennrar eignastýringarþjónustu.
- c) Regluverkið á fjármálamarkaði, ásamt tækniframþróun, mun áfram og í auknum mæli styðja við og styrkja samkeppnisumhverfið.

Greiningin styrkir enn fremur þá afstöðu að samruninn leiði til aukinnar skilvirkni og stuðli að verðmætasköpun fyrir neytendur. Smærri bankar þurfa stærðarhagkvæmni til að geta starfað á skilvirknan hátt. Regluverkið, lausafjár- og eiginfjárkröfur eru hlutfallslega þyngri byrðar fyrir smærri banka en þá sem stærri eru. Íslensku bankarnir þrír hafa augljóslega minni stærðarhagkvæmni til að standast kröfur regluverksins, stunda nýsköpun, fjárfesta í starfsemi sinni og keppa í sífellt alþjóðlegum umhverfi.

Við teljum að samruninn uppfylli öll þrjú skilyrði leiðbeininga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um lárétta samruna; ávinningur neytenda er verulegur, hann er mælanlegur og næst ekki með öðrum leiðum.

2. SKILYRÐI

Við væntum þess að samið verði um nánari skilyrði viðskiptanna í viðræðum aðila, ef af þeim verður. Engu að síður væntum við þess að viðræðurnar, og mögulegur samruni, verði í það minnsta háður eftirfarandi skilyrðum:

- a) Að skilyrði sem samkeppnisyfirvöld kunna að setja samrunanum verði ekki óhóflega íþyngjandi, skapi ekki teljandi óvissu og leiði ekki til taps eða verulegrar áhættu fyrir hluthafa Arion banka.
- b) Samruninn verði samþykktur af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands.
- c) Samruninn verði samþykktur með atkvæðum tilskilins meirihluta hluthafa á hluthafafundum beggja aðila.



3. UPPLÝSINGAMIÐLUN

Við væntum þess að samið verði um nánari skilmála varðandi miðlun upplýsinga í viðræðum aðila, ef af þeim verður. Þó má vænta þess að nauðsynlegt verði að aðilarnir komi sér saman um sérstakt upplýsingateymi vegna samrunans (svokallað „clean-team“ fyrirkomulag), sem samanstandi af takmörkuðum fjölda tilgreindra einstaklinga, sem verði ábyrgir fyrir að skoða, greina og ræða trúnaðarupplýsingar sem hvor aðili veitir í tengslum við hugsanlegan samruna. Meðlimir teymisins yrðu óháðir samningateymum beggja aðila og myndu ekki taka þátt í beinum umræðum eða viðræðum í tengslum við möguleg viðskipti. Í ljósi þess að báðir aðilar eru rótgróin skráð fyrirtæki á markaði er þess hvorki að vænta að krafist verði fullbúinnar áreiðanleikakönnunar, né að slík könnun verði lögð til.

4. TILKYNNINGAR TIL EFTIRLITSSTJÓRNVALDA

Gert er ráð fyrir að upphaf viðræðna aðila verði tilkynnt Samkeppniseftirlitinu og Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, ásamt þróun viðræðna í framhaldinu, í samræmi við þau lög, reglur og venjur sem við eiga. Í kjölfar slíkra tilkynninga myndu aðilar vinna með viðkomandi yfirvöldum og útvega þær viðbótarupplýsingar eða skjöl sem kann að verða krafist, til að tryggja að farið sé að gildandi lögum og reglum. Báðir aðilar myndu samþykkja að vinna í góðri trú að því að bregðast tímanlega og með skilvirkum hætti við athugasemdum eða kröfum yfirvalda.

5. OPINBER BIRTING UPPLÝSINGA

Samhliða afhendingu bréfs þessa til Íslandsbanka birtir Arion upplýsingar um innihald þess opinberlega, í samræmi við skyldur Arion sem skráðs félags. Þá væntir Arion þess að upplýsingar um frekari þróun mögulegra viðræðna aðila verði einnig birtar opinberlega í samræmi við gildandi lög og reglur.

6. ÞÓKNUN OG KOSTNAÐUR

Hvor aðili um sig skal bera ábyrgð á eigin kostnaði og útgjöldum sem stofnað er til í tengslum við hugsanlegar viðræður varðandi fyrirhugaðan samruna, þar með talið en ekki takmarkað við þóknun vegna lögfræðilegrar ráðgjafar, viðskiptalegrar ráðgjafar og annarrar ráðgjafar, og skal hvorugur aðilinn verða ábyrgur fyrir neinum kostnaði eða útgjöldum sem hinn aðilinn stofnar til.

Vonir okkar standa til að yfirlýsing þessi feli í sér sannfærandi röksemdir fyrir þeim tækifærum sem felast í sameiningu Íslandsbanka og Arion. Að mati Arion fæli slíkur samruni í sér ávinning fyrir alla hagsmunaaðila bankanna tveggja, en ekki síst fyrir íslensku þjóðina.

Við biðjum ykkur vinsamlega að tilkynna undirrituðum eigi síðar en fjórtán (14) dögum frá dagsetningu bréfs þessa hvort stjórn Íslandsbanka er reiðubúin að taka þátt í viðræðum við Arion um hugsanlega sameiningu bankanna tveggja. Vinsamlega hikið ekki við að hafa samband við okkur við fyrsta hentugleika ef frekari upplýsinga er óskað eða ef Íslandsbanki telur þörf á skýringum eða öðrum upplýsingum varðandi bréfið. Þá er af hálfu Arion sjálfsagt að laga framangreindan tímafrest að þörfum Íslandsbanka eins og kostur er, verði óskað framlengingar á honum.

Virðingarfyllt,

Benedikt Gíslason
Bankastjóri Arion banka hf.

Paul Horner
Stjórnarformaður Arion banka hf.